

44 hæfilega miklum kostnaði, eða jafnvel vera óráðlegt af öðrum ástæðum að láta
16. apr. dómkvadda menn meta hina eyddu muni, þá mun lýsing og vottorð hjeradslæknis eða sóttþreinsunarmanns á mununum látið gilda, nema það sje í sjálfu sjer tortryggilegt.

Kostnaður við sóttþreinsanir greiðast þannig: Endurgjald fyrir sóttþreinsunarmedul greiðast ávallt af landssjóði, annar sóttþreinsunarkostnaður greiðist fyrir hvert ár úr sýslusjóði eða bæjarsjóði, svo framarlega sem þessir sjóðir eigi áður á sama árinu hafa varið 100 kr. til sóttvarna; að öðrum kosti greiðist þessi kostnaður úr landsjóði.

Þetta er yður, herra landlæknir, til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir hjeradslæknum landsins.

45 **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um lántöku-**
26. apr. **Ieyfi handa Kálfafellsprestakalli.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra biskup, í brjefi, dagsettu 21. þ. m., og beiðni hlutadeiganda, vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að presturinn að Kálfafellsstað, síra Pjetur Jónsson, taki allt að 1600 kr. embættislán uppá prestakallið til þess að standast kostnað við bygging íbúðarhúss þess úr timbri 15×7 áln, með áföstum timburskúr um 5×2½ áln. og 15×4½ áln. sem hann hefir látið gjöra á prestsetrinu. Það er skilyrði fyrir lántökuleyfi þessu, að hið umgetna íbúðarhús ásamt skúr, er jafnan skal halda váttrygðu gegn eldsvoða fyrir 2600 kr. að minnsta kosti, verði eign prestakallsins, og skal presturinn eða bú hans á sínum tíma tíma skila því af sjer í gildu standi eða með fullu álagi.

Aptur á móti falla þá niður öll jarðarhús á prestssetrinu að undanteknum: eldhúsi, smiðju og fjárhúsum. Enn er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að lánið endurborgist með jöfnum afborgunum á 25 árum samfleytt frá lántökudegi að telja og að lánið sje fengið með svo vægum vaxtakjörum, sem unnt er.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til birtingar fyrir beiðandanum.

46 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norduramtinu og Austur-**
30. apr. **amtinu um sveitfesti þurfalings.** — Með brjefi yðar, dagsettu 8. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, látið uppi umsögn yðar um áfrýjun hreppsnefndarinnar í Áshreppi í Húnavatnssýslu á úrskurði yðar, dagsettu 9. septbr. f. á., um ágreining milli nefndrar hreppsnefndar og hreppsnefndarinnar í Vindhælis-hreppi um sveitfesti Frimanns nokkurs Guðjónssonar.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að jeg í öllum aðalatriðum verð að fallast á ástæður þær, er úrskurður yðar er byggður á, skal hann standa óraskaður.

Úrskurður amtsins.

Með brjefi, dags. 5. des. f. á., hefir hreppsnefndin í Áshreppi skotið til mín úrskurði yðar, herra sýslumaður, frá 23. okt. f. á. þar sem þjer kváðuð svo á, að Áshreppur skyldi endurgjalda Vindhælishreppi sveitarstyrk veittan Frímanni nokkrum Guðjónssyni, að upphæð kr. 24 51 e. — Málavextir eru þannig, að tjeður Frímann Guðjónsson fluttist í Vindhælishrepp vorið 1887, en þá var hann sveitlægur í Áshreppi; fjeck hann því leyfi til húsmennsku, en vorið 1889 fjeck hann jörð í hreppnum til ábúðar. Um haustið fór hann frá ábyflisjörð sinni og gjörðist húsmaður. Var hann svo í húsmennsku til vorsins 1891. Fjeck hann þá til ábúðar hjá umboðsmanni Þingeyraklausturs fyrst þjóðjörðina Tjörn og síðan Hvammkot, en hreppsnefnd Áshrepps gekk í ábyrgð fyrir ábúð Frímanns. Árið 1897 sagði hreppsnefndin upp ábyrgð sinni, en þetta sama ár var Frímann búinn að vera 10 ár í Vindhælishreppi. Lá þá við borð að Frímann yrði að fara frá jörðinni, en þá gekk einn af hreppsnefndarmönnum í ábyrgð fyrir hann; en þegar Vindhælishreppur neitaði sveitfesti Frímanns, þá gekk hreppsnefnd Áshrepps aptur í ábyrgð fyrir ábúð hans.

Það lítur út fyrir að menn hafi fljótt orðið hræddir um, að Frímann mundi verða sveitarþurfi, því að hreppsnefnd Vindhælishrepps lagði allt kapp á að fá það viðurkennt, að húsmennska Frímanns væri ólögleg, hún kærði hann fyrir sýslumanni um ólöglega húsmennsku tvisvar 1888, einu sinni 1889 og þegar Frímann fór að búa um vorið, þá hjelt hreppsnefndin því fram að hann hefði fyrirgjört húsmennskuleyfi sínu. Sótti hann næsta vetur um húsmennskuleyfi af nýju, en hreppsnefndin neitaði því og kærði hann um ólöglega húsmennsku vorið 1890. Sýslumaður tók engar af kærum hreppsnefndarinnar til greina, enda verður að álíta, að þegar hreppsnefndin veitti honum leyfi til húsmennsku vorið 1887, þá hafi Frímann fengið fullnægjandi leyfi til húsmennskunnar og þó að hann byggi einn sumartíma, án þess að hann færi úr hreppnum, þá verður eigi álitid að hann með því hafi fyrirgjört leyfi því til húsmennsku, er hann einu sinni hafði fengið.

Vorið 1887 fjeck Frímann sveitarstyrk af Vindhælishreppi, að upphæð kr. 4 68 a. og næsta ár fjeck hann einnig sveitarstyrk af Vindhælishreppi að upphæð 6 kr., en Frímann borgaði sjálfur þessar litlu upphæðir. Styrkveitingar þessar voru aldrei tilkynntar framfærsluhreppi hans og að öðru leyti er óvist, hvort Frímann hefir þurft að fá þessar styrkveitingar. Þess vegna verður eigi álitid að styrkveitingar þessar geti heimfærzt undir löglega veittan sveitarstyrk.

Þegar hreppsnefndin í Áshreppi gekk í ábyrgð fyrir ábúð Frímanns vorið 1891, þó að hann væri alveg fjelaus maður, þá sýndi hún fyrir sitt leyti, að hún vildi gjarnan að Frímann yrði sveitfastur í Vindhælishreppi, en auk þessa studdu Áshreppingar Frímann með árlegum gjöfum og ríflægum samskotum og studdu hreppsnefndarmenn að þessu, auk þess sem oddviti hreppsnefndarinnar stóð fyrir samskotunum. Hreppsnefndarmenn hafa reynzt fremur minnislitlir um afskipti sín í þessu efni, en eptir líkum er meir eða minna af gjöfunum gefið til þess að halda Frímanni frá sveit, þangað til hann yrði sveitfastur í Vindhælishreppi. Það verður því að álíta að gjafirnar hafi að nokkru leyti verið gefnar Áshreppi og verði því að skoðast sem sveitarstyrkur til Frímanns, þó að þær væru eigi innfærðar í sveitarreikninginn; sjerstaklega hefir oddvitinn, sem stóð fyrir samskotunum, enga grein getað gjört fyrir því, hvernig þeim hefir verið varið, en það lítur út fyrir að hann hafi varið þeim eins og sveitarfje til þess að borga jarðarafgjald fyrir Frímann, án þess að láta Frímann hafa nein ráð í þessu efni. Um þessar mundir er skrifað inn í hreppsreikninginn frá Frímanni kr. 24 70 a. og svo nokkru síðar úr hreppsreikningnum til Frímann kr. 27, án þess að oddvitinn geti gjört grein fyrir því, hvernig á þessu stendur, en að líkindum eru þessar kr. 24,70 af samskotafje Frímanns og þessar 27 kr. sveitarstyrkur til hans.

46

Eins og áður er sagt, gekk hreppsnefnd Áshrepps í ábyrgð fyrir jarðarafgjaldi Frímans vorið 1891. Frímann hefir borið það, að hann hafi aðeins borgað afgjaldið fyrsta búskaparár sitt, en umboðsmaður telur að eins óborgað jarðargjöld Frímans árið 1894, 1896, 1897, 1898, 1899 og 1900. Það hefir ekki orðið upplýst, hvernig jarðarafgjöldin 1893 og 1895 hafa verið borguð, nema hvað það er viðurkennt, að oddviti hreppsins hefir greitt $\frac{1}{2}$ jarðarafgjald fyrir Frímann. Hreppsnefnd Áshrepps sagði upp ábyrgð á ábúð Frímans 1897 og því stendur hún í ábyrgð fyrir jarðarafgjaldi Frímans árið 1894 eða kr. 36 24 a. og fyrir árið 1896 og fyrir landsskuld árið 1897. Það hafa að vísu ekki fengizt nákvæmar upplýsingar í þessu efni, en að líkindum nemur þessi upphæð kr. 90. Þessa upphæð átti Áshreppur að borga fyrir Frímann í gjalddaga, og þó að hún verði ef til vill eigi talin beinlínis greidd af Áshreppi af því að umboðsmaður hefir skuldað hreppnum talsvert hærri upphæð, þá er hún þó fallin fyrir löngu í gjalddaga, og þar sem Frímann alls eigi gat borgað upphæð þessa, þá er hún beinlínis orðin skuld hreppsins fyrir Frímann. Það er því auðsætt að hjer er að ræða um nýja aðferð til að veita þurfamönnum sveitarstyrk, sem þá væri fölginn í því, að einhver, sem skuldar hreppnum, lánar styrkþurfa upp á ábyrgð hreppsnefndar, en svo eru reikningarnir eigi gerðir upp fyr en styrkþurfi væri búinn að vera 10 ár í öðrum hreppi. Þar sem eigi verður sjeð að nein ástæða sje til þess, að hreppsnefndir með þessu fari í kring um lögin, því verður að álíta að sveitarstyrkur sje í þess konar tilfellum veittur, þegar upphæðin, sem hreppsnefndin gengur í ábyrgð fyrir, er fallin í gjalddaga. Samkvæmt þessu verðnr að álíta, að Frímann Guðjónsson hafi þegið sveitarstyrk af Áshreppi, að minnsta kosti 1894, 1896 og 1897, og samkvæmt því verður að telja hann sveitlægan í Áshreppi, og þar sem engin mótmæli hafa verið gjörð að því er snertir sveitarstyrk þann, er Frímanni hefir verið veittur af sveitarsjóði Vindhælishrepps, að upphæð kr. 24 51 e., þá er jeg samdóma þeim ákvæðum í úrskurði yðar, að Áshreppi beri að greiða nefndar kr. 24 51 e. til Vindhælishrepps.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta, herra sýslumaður, til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigandi hreppsnefndum, vil eg taka það fram, að jeg sje mjer eigi fært að taka til greina kröfu hreppsnefndarinnar í Vindhælishreppi um að fá greiddar 53 kr. til endurgjalds á kostnaði við rjettarpróf í þessu máli, því að það er eigi aðeins óþarft, heldur og ólöglegt að yfirheyra hreppsnefndarmenn og láta þá vinna eið að framburði þeirra í málefnum, sem snerta þeirra eigin störf.

47

3. maí

Ítarlegar reglur

um manntal í Reykjavík.

Samkvæmt 1. gr. í lögum nr. 18, frá 13. sept. 1901 um manntal í Reykjavík, skal skýrara kveðið svo á um manntalið, sem hjer segir:

1. gr.

Lögreglustjórnin í Reykjavík skal síðara hluta októbermánaðar ár hvert gjöra nákvæma skrá yfir alla íbúa kaupstaðarins. Á skrá þessa skal setja alla, er eiga fast aðsetur í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, eða hafa þar dvöl til að reka atvinnu eða vinna fyrir sjer á einhvern hátt, eða til að stunda nám bóklegt eða verklegt á skólum eða hjá einstökum mönnum. Eigi skal telja á skránni